



Forsætisnefnd

Reykjavík, 4. júní 2026

MSS26060009

hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 2.6.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stofnun leikskóla- og daggæsluráðs

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna leikskóla- og daggæsluráð. Ráðið fer með verkefni á sviði leikskóla- og daggæslu barna eins og þau eru nú skilgreind í 3. gr. samþykktar skóla- og frístundaráðs þar með talið verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008 og verkefni félagsmálanefndar skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að því er lýtur að daggæslu í heimahúsum. Ráðið skal skipað fimm fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara, aðalfulltrúar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn. Ráðið verður í flokki I skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Forsætisnefnd er falið að vinna samþykkt fyrir ráðið í samráði við skóla- og frístundaráð sem skal lögð fram til afgreiðslu á fyrsta fundi borgarstjórnar í september ásamt breytingum á samþykkt skóla- og frístundaráðs. Ráðið starfar samkvæmt samþykkt skóla- og frístundaráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir. MSS26060009

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Miðflokksins, Vinstripartísins og Sósíalístafllokks Íslands:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að breyta fjölda fulltrúa í leikskóla- og daggæsluráði úr fimm í sjö og jafnmörgum til vara.

Breytingartillagan er samþykkt.

Tillaga um stofnun leikskóla- og daggæsluráðs er samþykkt.

Borgarfulltrúar Vinstripartísins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík

